



## Fátt sem kom á óvart í tölum um viðskiptajöfnuð

*Það var fátt sem kom á óvart í tölum um greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins sem Seðlabankinn birti eftir lokun markaða í gær.*

Afgangurinn á 2. ársfjórðungi var 16,3 ma.kr., sem er um 16,9 ma.kr. minni afgangur en á sama fjórðungi í fyrra. Afgangurinn á 1. ársfjórðungi var 8,2 ma.kr. sem þýðir að afgangurinn á fyrri árhelmingi var 24,5 ma.kr. sem er um 22,1 ma.kr. minni afgangur en á fyrri árhelmingi 2016.

### Afgangurinn skýrist af ferðaþjónustu

Hallinn á vöruskiptum jókst milli ára. Alls var vöruskiptajöfnuður neikvæður um 80,1 ma.kr., á fyrri helmingi ársins sem er 14,9 ma.kr. meira en á fyrri helmingi síðasta árs. Munar þar mest um 26,2 ma.kr. samdrátt í útflutningi sjávarafurða. Innflutningur á flugvélum dróst saman um 23,0 ma.kr. milli ára, en einungis voru fluttar inn flugvélar fyrir 0,3 ma.kr. á fyrri helmingi ársins.


Þjónustujöfnuður var jákvæður um 101,2 ma.kr. á fyrri árhelmingi, sem er 8,0 ma.kr. meiri afgangur en á sama tíma í fyrra. Tekjur af ferðaþjónustu jukust um 28,4 ma.kr. milli ára<sup>1</sup>.

Afgangur af frumþáttatekjum dróst saman um 11,8 ma.kr. milli ára meðan hallinn af rekstrartekjum jókst um 3,6 ma.kr. Þess ber þó að geta að þáttatekjujöfnuður er að hluta til reiknuð stærð. Til dæmis færast hagnaður erlendra fyrirtækja hér á landi sem gjöld í þáttatekjujöfnuði en tap sem tekjur.


### Gerum ráð fyrir um 160 ma.kr. afgangi í ár.

Í fyrra var 190 ma.kr. afgangur af viðskiptajöfnuði. Í nýjustu þjóðhagsspá okkar (maí 2017) gerðum við ráð fyrir aðeins minni afgangi, eða um 160 ma.kr. á þessu ári. Nýjasta þjóðhagsspá Seðlabanka Íslands (ágúst 2017) gerir ráð fyrir aðeins minni afgangi en okkar spá, eða 150 ma.kr. Hafa ber í huga að mesti afgangurinn af viðskiptum við útlönd kemur til á

Viðskiptajöfnuður



Samanburður við fyrri ár



<sup>1</sup> Nánar er farið í þjónustujöfnuð á fyrri helming ársins í [hagsjá](#) sem við gefum úr í seinustu viku.



Þriðja ársfjórðungi sem er háannatíminn í ferðabjónustu.

### Óveruleg breyting á hreinni erlendri stöðu


Samkvæmt bráðabirgðatölum var hrein staða í lok fjórðungsins neikvæð um 62 ma.kr. (2,5% af VLF) og lækkaði um 142 ma.kr. (5,7% af VLF). Bein fjármagnsviðskipti höfðu óveruleg áhrif þar sem áhrif þeirra á eignir og skuldir voru svipuð. Breyting á erlendri stöðu skýrist fyrst og fremst af gengis- og verðbreytingum, en erlendar eignir lækkuðu um 139 ma.kr. (5,6% af VLF) meira en erlendar skuldir af völdum gengis og verðbreytinga.

### Skýrir ekki nema að mjög litlu leyti veikingu krónunnar.

Það sem af er ári hefur krónan sveiflast mjög mikið, þvert á það sem gerðist á sama tímabil í fyrra þegar hún styrktist nokkuð jafnt og þétt. Krónan hefur veikst gagnvart gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar frá byrjun júní þegar verð á evru fór tímabundið undir 110 krónur og Bandaríkjadalur fór undir 100 krónur. Evran kostar nú 125 krónur og Bandaríkjadollar 105 krónur.


Þrátt fyrir að afgangurinn sé 22 ma.kr. minni á fyrri helmingi ársins en á sama tíma í fyrra, er það að okkar mati ekki það mikil breyting milli ára til að útskýra nema að mjög litlu leyti ólíka þróun á gengi krónunnar í ár og á fyrri hluta árs 2016. Auk þess verður að horfa til þess að það var skilaskylda á gjaldeyri, fjármagnshöft á erlenda fjárfestingu og meiri velta á gjaldeyrismarkaði á fyrri helmingi 2016.

### Erlend staða þjóðarbúsins



F1-F3 2015 án ILST í slitameðferð  
Heimild: Seðlabanki Íslands

### Gengi krónu gagnvart evru og Bandaríkjadal



Seinasta dags. 4. sept 2017  
Heimild: Thomson Reuters Eikon

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.